


Dalalæðan

9. árg. 1. tbl. Febrúar 1996



Barni B. A.

Egill Skallagrímsson á leið á þorrlót

Dalalæðan

1. tbl. 9. árg. Febrúar 1996

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal

Ritstóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason

Ritnefnd: Auður Eiríksdóttir, Ásgerður Gísladóttir
og Sigurður Skarphéðinsson.

Tölvuvinnsla: Örvar Hilmarsson

Forsíðumynd: Bjarni Bjarkason

Fjölritað í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ

Læðubræll

Nú er Dalalæðan
loksins komin út,
drekku nú af stút
úr litlum landakút.
Yfir forsiðunni
æðrast ritstjórinn
vill hafa snepilinn
tilbúinn.

Hún fræðir dalbúana
oft um söguna
sem menn vilja oft gleyma
um fornu mennina
sem að gullið grófu
en það ég nú skil
ef að það var til
í Kýrgil.



þORA

S.G.


ÍSLANDSBANKI

Saga Mosfellskirkjustaðar skráð.

Þeir heiðursmenn og fræðagrúskarar Bjarki Bjarnason og Guðjón Jensson, sem báðir eru lesendum Dalalæðunnar kunnir af skrifum sínum, eru að ráðast í það stórvirki að skrifa og gefa út bók um sögu Mosfellsstaðar. Þetta er nokkuð dýrt verkefni og hafa þeir félagar leitað eftir fjárstuðningi ýmissa stofnanna og fyrirtækja í Mosfellsbæ. Nokkuð hefur orðið ágengt í áheimum um fjárstuðning en töluvert vantar þó á að endar nái saman. Stjórn Víghóls vill hér með hvetja Mosdælinga nær og fjær til að styrkja þetta verðuga verk og munið að margt smátt gerir eitt stórt og öll framlög eru vel þegin. Framlög er hægt að leggja inn á reikning nr. 148907 í Búnaðarbankanum í Mosfellsbæ.

Vonandi tekst þetta vel hjá þeim félögum og að bókin verði til á sem flestum bæjum í Mosfellsdal eftir næstu jól.

Með von um góðar undirtektir.

Stjórn Víghóls.

Skiltavæðing Mosfellsdals.

Siðastliðið haust var samþykkt í bæjarstjórn að skiltavæða Mosfellsdal. Jón Ásbjörnsson hjá tækniðild bæjarins hefur unnið að þessu með Vegagerðinni og má nú sjá árangurinn skýrt og greinilega. Við þjóðveg eru allir afleggjarar merktir með nafni innsta bæjar og kort yfir svæðið aðeins innar á afleggjaranum. Virðist þetta hafa tekist vel og er víst að fyrir ókunnuga er orðið miklu betra að rata á bæi en áður var. Vegagerðin hefur ákveðnar reglur um merkingar og er mælt til þess að þeim sé fylgt. Æskilegast er í dreifbýli eins og í Mosfellsdal að allir bæir séu merktir. Hver húseigandi getur keypt merkingu sem sett verður við viðkomandi hús. Að sjálfsögðu geta einstaklingar verslað við skiltagerð, en hagkvæmast er að heilu hverfin taki sig saman og panti gegnum Vegagerðina og er Jón Valgeir rétti maðurinn að tala við á þeim slóðum. Þegar vegagerðarmönnum þykir bæjarmerkingar komnar í gott lag, taka þeir við viðhaldi skiltanna, en ekki fyrr en allir eru orðnir vel og rétt merktir samkvæmt stöðlum. Þá ber að benda fyrirtækjum og söluaðilum á að hægt er að fá hjá Vegagerðinni skilti með sölumerkingum og er hægt að setja þau upp árstíðabundið, í stað alls kyns málaðra tréspjalda sem stundum má sjá með fram vegum.

Stjórn Víghóls vill f.h. Dalbúa þakka bæjarstjórn fyrir skiltavæðinguna sem löngu var orðin tímabær.

Ásfell
Bókabúð



Víðigerði-sögubrot

Hjónin Indriði Jón Gunnlaugsson og Svava Elíasdóttir bjuggu í risíbúð á Æsustöðum á árunum 1945-49. Þá festu þau kaup á bröggum (líklega tveimur) sem stóðu á svonefndum Ásum undir miðju Helgafelli, milli Köldukvíslar og Þjóðveggarins eins og hann liggur nú. Sennilega var annar bragginn notaður sem sjúkrahús á stríðsárunum. Indriði flutti efnið úr bröggunum mest á tveimur vörubílum litlum sem Æsustaðarbræður þeir Hjalti og Ólafur áttu. Bragginn í Víðigerði er styttri en þeir gerðust á stríðsárunum. Hann er um 65 m² stærð og lofthæð er um 2.10 m. Eftir bragganum endilöngum er lágt hála loft. Útveggir eru einangraðir með vikri. Herbergin eru þrjú auk eldhúss og salernis. Indriði smíðaði tvo kvisti á braggann miðjan. Þar er anddyri og salerni. Heitt vatn fengu þau hjónin í fyrstu frá Jóhanni Jónssyni í Dalsgarði. Var það afrennslisvatn úr gróðurhúsunum. Kalt neysluvatn höfðu þau ekki fyrstu árin. Fjölskyldan flutti í húsið snemma vors 1950. Þar fæddust tvö börn þeirra hjóna: Jens, fæddur á hernámsdaginn (10. maí) 1954 og Guðrún, 8. febrúar 1956. Þau voru því flest sjö í heimili í Víðigerði. Landið var í eigu prestsetursins á Mosfelli og átti sóknarpresturinn Hálfðán Helgason hugmyndina að nafngiftinni. Fátítt er að fólk búi í bröggum hér á landi og þess vegna er Víðigerðishúsið merkilegt séð af sjónarhóli byggingarsögunnar.

Bjarki Bjarnason

Heimildir: Viðtal við Svövu Elíasdóttur 19.6. 1984
og tímaritið Hús og hýbýli nr. 20

Dalalæðan þakkar eftirtöldum aðilum fyrir stuðning:

Vélsmiðjan Sveinn

Vestri grill

Áslákur

Sólbær

Íslandsbanki

Tannlæknastofa Guðjóns Valgeirss.

Pizzabær

Mosfellsapótek

Hlín Blómahús

Pílus Hársnyrtistofa

Álftárós

Inga Elín

Holtakjúklingur

Reykjabúið

Bæjardekk

Framköllun Þverholti

Mosfellsbakarí

Guðvarður Hákonarson

Kaupfélag Kjalarnesþings

Búnaðarbankinn

Ísfugl

Jón B. Guðmundsson

SS Gíslason

"So út gengu garnir."

Egils saga hefur all tíð notið mikilla vinsælda. Á 17. öld tók ónefndur alþýðumaður sig til og skrifaði sögu af Agli og þar greinir hann frá ýmsum atburðum sem ekki er sagt frá í Egils sögu hinni gömlu. Hér fer á eftir hluti af þessari sögu þar sem sagt er frá viðureign Egils við hest nokkurn á Mosfelli, en sögunni lýkur á þessari frásögn:

"Það var einn tíma um vorið að allir karlmenn voru heiman farnir frá Mosfelli til erinda sinna, að hestur einn lá í bænum að Mosfelli um þverar dyr dauður, so ei var hægt að ganga hjá, en konum varð mjög að orðum um það þær kæmi hönum ei í burt. Sem Egill þetta heyrði gekk hann á fætur, og var hann þá allsendis blindur, og leiddu konur hann þangað sem hesturinn lá dauður, og tók hann um afturfætur hestsins og rykkti hönum í einu út á hlað so út gengu garnir. Á rann ein fyrir neðan túnið. Hólmi var í miðri ánni og víðir í hólmanum. Egill mælti: "Er nú ei neitt fyrir?" En konur kváðu svo vera. Egill tók nú í afturfætur hestsins og kastaði hönum so hann kom yfir alla ána og í bakkann hinumegin. Egill mælti: "Hvar kom hann niður?" En konur kváðu hann komið hafa í bakkann hinumegin hólmans. Egill mælti: "Í víðirin ætlaði eg hönum." Gekk Egill til rekkju sinnar og lifði ei lengi úr því. Dó hann að Mosfelli, og var hann þar heygður. Ei höfum vér meira af hönum að segja en hér er skrifað og ljúkum so þessari sögu af Egli Skallagrímssyni.

Stórafmæli á árinu:

Jóel Kr. Jóelsson í Reykjahlið varð 75 ára þ. 22. janúar.

Sigurður Narfi Jakobsson í Reykjadal verður 70 ára 7. maí.

Bjarni Bjarnason á Hraðastöðum verður 60 ára þ. 2. júní.

Puríður Hjaltadóttir á Röðli verður 60 ára þ. 27. júní.

Þá verða Brekkukotshjónin 50 ára, Anna Steinarsdóttir þ. 21. júní og Gísli Snorrason þ. 9. okt.

Dalalæðan óskar þessum ágætu afmælisbörnum til hamingju.

Annáll ársins 1995

Þorralblót 1995 var haldið í Hlégarði 28. jan. og hefur aldrei verið færra fólk á Dalblóti frá upphafi. Kom berlega í ljós að Hlégarður er allt of stór fyrir svo nettan selskap. Mátti litlu muna að blótið væri blásið af, því framkvæmdin var allt of dýr fyrir þann hóp sem mætti. Þess skal getið að miðað við höfðatölu mættu flestir úr Þingvallasveitinni eða 12 manns.

Gróðurreitir. Fyrir 4 árum gaf Guðrún Þórðardóttir í Víðihól Dalbúafélaginu kr. 50.000, til gróðurræktar. S.l. sumar var um helmingur þess fjár kr. 30.000 notaður til plöntukaupa í Gvendarreit og nýja reitinn í landi Mosfells, sem byrjað var að planta í síðastliðið sumar. Hluti fjárisins verður svo notaður til áburðarkaupa næsta vor.

Umferðarmál. Stjórn Víghóls bauð til sín fulltrúum Vegagerðarinnar, þeim Eyvindi Jónassyni deildarstjóra og Jónasi Snæbjörnssyni verkfræðingi, til viðræðna um ýmis mál sem liggja á Dalbúum og hafa verið til umræðu í félaginu. Bar þar ýmislegt á góma svo sem fleiri hraðatakmarkanaskilti í Dalinn og hraðamerkingar á veginn sjálfan, auk annarra umferðarmerkinga. Þá var fjallað um reiðgötuna meðfram Þjóðvegi frá brú í vestri að Mosfellsafleggjara og möguleikana á að nýta brúna í Víðirodda sem undirgöng fyrir gangandi og ríðandi umferð. Einnig var rætt um götu- og bæjarmerkingar, hraðahindranir á afleggjarana, snjóalög og snjóhreinsum á Þjóðvegi, lagningu bíla á og við Þjóðveg þegar snjór er og möguleika á bílastæðum norðan vegar, og síðast en ekki síst brúna á Laxnessafleggjara og Helgadalsveg. Árangur af þessum fundi var helst sá að snarlega voru sett upp þrjú skilti í Dalnum sem sýna að hér gildir 70 km hámarkshraði og þykjast menn eitthvað hafa orðið varir við að eftir því sé tekið. Bæjarstjórn samþykkti að skiltavæða Dalinn og er því veri lokið að hálfu bæjarfélagsins. Kunnum við Dalbúar bæjarstjórn bestu þakkir fyrir. Ekkert mun vera á döfinni að laga Helgadalsveg og engin ákvörðun tekin um endurnýjun Laxnesbrúar. Ekkert hefur frést af því hvort reiðleið verði löguð eða stígur lagður undir brúna í Víðiroddanum.

Aðalfundur var haldinn í Reykjadal 22. nóv. Stjórnin var endurnýjuð að mestu leyti og gengu Birta Jóhannesdóttir og Ólafía Andrésdóttir úr stjórn en í þeirra stað komu Sigurður Skarphéðinsson og Ásgerður Gísladóttir en Auður Eiríksdóttir er áfram formaður. Í gróðurnefnd eru þau Gísli Jóhannsson, Jón Jóhannsson, Guðný Halldórsdóttir, Ásgeir Indriðason og Signý Jóhannsdóttir. Samþykkt var breyting við 4. gr. laga félagsins þannig að aðalfundur skuli haldinn í nóvember ár hvert í stað þess að miða við 7. nóv. Þá var upplýst um skiltavæðingu Dalsins. Umræður urðu líflegar um málefni sem varða dalinn og var ákveðið að senda bæjarstjórn bréf með ýmsum ábendingum og óskum og er hér það helsta talið:

Óskir um:

- 1) Göngu- og hjóleiðastíg frá Hraðastöðum niður Dalinn sem myndi tengjast göngustíg við Ásland, göngubrú yfir Suðurá rétt hjá Brennholti og göngustíg milli Norður-Reykja og Æsustaða þannig að komast mætti af Reykjadalafleggjara upp í fjallið.
- 2) Vegalýsing frá Áslandi í Dalinn og til vara að lýsa a.m.k. gatnamót Vesturlandsvegar og Þingvallavegar.

- 3) Lagfærður verði Helgadalsafleggjari og eins löguð brekkan upp að Mosfellskirkju.
- 4) Gerð verði tilraun með snjógirðingar hér í Dalnum (þegar fer að snjóa)
- 5) Virkt eftirlit með lausagöngu dýra í dalnum og eftirlit með beit, en land er illa farið sums staðar í Dalnum af ofbeit.
- 6) Bæjaryfirvöld leggi til vegasölt, rólur og mörk í gróðurreitinn vestan Furuvalla og sjái um slátt á vellinum þar.

Áramótabrennan fór hið besta fram og logaði í kestinum langt fram á nýársdag.

Auður Eiríksdóttir

Arnfríður Ólafsdóttir Hjaltested f. 17. júní 1937 d. 26. jan. 1995

Arnfríður fæddist á Varmalandi 17. júní 1937, dóttir hjónanna Kristínar M. Árnadóttur húsfreyju og Ólafs Ó. Þórðarsonar bónda og hreppstjóra. Hún ólst upp við öll algeng sveitastörf þess tíma ásamt bræðrum sínum Þóri rektor kennaraháskóla Íslands og Ólafi Kristni verslunarmanni.

Bíbí, eins og hún var ætíð kölluð, kynntist líka garðyrkju á sínu æskuheimili þar sem faðir hennar ræktaði bæði blóm og grænmeti í gróðurhúsum. Að loknu gagnfræðaprófi frá Laugarvatnsskóla hóf hún störf hjá Pósti og síma í Mosfellssveit og síðar hjá Útvegsbanka Íslands.

Á unglingsárum tók Bibí virkan þátt í blómlegu íþróttastarfi ungmennafélagsins Aftureldingar og náði góðum árangri í frjálsum íþróttum og einnig með handknattleikslíði félagsins. Bibí var mikill dýravínur og hændist fljótt að hestum föður síns. Ein af mínum dýrmætustu minningum um þessa elskulegu frænku mína er mynd í huga mínum af 7-8 ára hnátu þar sem hún þeysir á spretti um tún og móa ýmist á Jarpi eða Mósu, sínum kæru vinum.

Bíbí var hávaxin og glæsileg kona, hafði einstaklega ljúfa lund og fagaða framkomu sem allir er hún umgekkst hlutu að laðast að.

Eftirlifandi eiginmaður Bibíar er Bruno Hjaltested deildarstjóri og sonur þeirra er Þórður Árni íþróttakennari hér í Mosfellsbæ.

Lengst af stóð heimili þeirra í Ásgarði 73 en fyrir nokkrum árum fluttu þau sig um set neðar í Fossvogsdalinn í Kjarlarland 14, þar sem gróðursæld er mikil og hygg ég að bestu stundir lífs Bibíar hin síðari ár hafi verið er hún dvaldi í garðinum sínum og hlúði að blómum, trjám og runnum. Þær stundir urðu því miður allt of fáar.

Bíbí andaðist á Landakotsspítala 26. jan. og fór útför hennar fram frá Bústaðakirkju 2. febr.

Blessuð sé minnig hennar.

Þuríður Hjaltadóttir

Elínborg Andrésdóttir.

Elínborg Andrésdóttir var fædd á Hrísbú 3.júní 1900. Hún andaðist á Borgarspítalanum 22.mars 1995. Foreldrar hennar voru Ólöf Jónsdóttir ættuð af Álftanesi og Andrés Ólafsson fæddur og uppalinn á Hrísbú, en þau bjuggu þau hjónin allan sinn búskap. Elínborg var næstelst 8 systkina, þrjú þeirra dóu í bernsku en upp komust auk hennar Ágústa, Ástríður Lilja og Ólafía. Lilja lifir ein systur sína og býr hún í Danmörku.

Hinn 24.júlí 1935 giftist Elínborg Ingimundi Ámundasyni ættuðum úr Grímsnesinu. Hann var fæddur 6.maí 1896, sonur hjónanna Steinunnar Einarsdóttur og Ámunda Sveinbjörnssonar, en þau bjuggu síðast á Hólakoti í Grímsnesi. Þau Elínborg og Ingimundur bjuggu allan sinn búskap á Hrísbú og varð þeim fjögurra barna auðið. Þau eru Svava Steinunn f. 12.09. 1932, Ólafur Andrés f. 22.11. 1933, Eygerður f. 13.03. 1938 og Ólöf Jóna f. 31.07.1941. Þegar þetta er skrifað eru afkomendur þeirra hjóna orðnir 45 að tölu. Ingimundur andaðist 13.01.1979 og var hann mjög lasburða síðustu árin.

Elínborg var ákveðin kona og hreinskiptin, en lítið fyrir að láta á sér bera utan heimilis. Hún hafði mikið yndi af öllum hannyrðum og mjög fær á því sviði, þótt tími til slíks væri oft ekki mikill. Elínborg var mjög dugleg til allrar vinnu og vildi láta hlutina ganga, enda þurfti hún á því að halda, alltaf með stórt heimili, því auk barnanna voru um langt árabíl faðir hennar og foreldrar Ingimundar í skjóli þeirra hjóna. Elínborg var við mjög góða heilsu fram um áttætt en varð þá fyrir því áfalli að lærbrotna tvívegis með fjögurra ára millibili og eftir seinna brotið bar hún ekki sitt barr. Síðustu árin var hún svo mjög þrotin kröftum og þráði hvíldina.

Ég undirrituð vil þakka Elínborgu og þeim hjónum báðum samfylgdina, því frá því ég kom fyrst á heimilið sem tengdadóttir þeirra 1967 voru þau mér einstaklega góð og bar aldrei skugga á það samband.

Blessuð sé minning þeirra.

Ásgerður Gísladóttir

Lengi man til lítilla stunda

Kaflí úr samnefndri bók Eyjólfis Guðmundssonar á Hvoli í Mýrdal (útg.1948)
Eyjólfur bjó á Laxnesi um hríð í kringum síðustu aldamót.

Nú átti ég heima í nýrri sveit, en að vísu gamalli sveit, sem sagt var frá í fornsögum meira heldur en Mýrdalnum. Bændur í Mosfellsdal höfðu mikla heimahagaást. Dalurinn var þeim kær og kostum búinn. Um fram landgæðin var þar einhvers staðar grafið og geymt gull og silfur Egils Skallagrímssonar, og á þar að vera fornhetjan og skáldið Egill grafinn. Þóttust ýmsir hafa séð vafurloga á Mosfellinu, aðrir niður á Viðinum o.s.frv. Hrísrú heitir næsti bær við Stóra-Mosfell, og liggja túnin þeirra jarða saman. Þar á Hrísrú fullyrtu menn, að hin forna Mosfellsbyggð væri, en bærinn þaðan fluttur á hæð þá, er nú stendur Mosfellsbær.

Í Mosfellsdal fannst mér þröngt, eftir að hafa notið útsýnis frá Felli og Eyjarhólum. Fjöllin lág og kúruleg móts við Mýrdalsfjöllin. En Esjan bar þó af öllum fjöllum að hæð og lögun, en hún var öll grýtt og graslítill að sjá. Heima í Laxnesi var næsta óbyggilegt, túnraninn kargi einn og heimreiðin nær ófær hestum. Bærinn stóð á hæð í mýrarsvakka og mógrafir norðan við, ljótar og illa hirtar. Hvergi sást til sjós, nema um lítið bil milli fjalla, þar sem kallað var um Ásana og vegurinn lá til Reykjavíkur.

Réttir byrjuðu um 20. september, og hlakkaði ég mjög til þeirra. Frá Laxnesi var ég sendur til að smala og fylgdist með öðrum "Moskóvítum" upp Gullbringur og síðan eftir fyrirskipun leitarforingjans suður Mosfellsheiði og smalaði mína leit. Í Árnakrók var safnið geymt yfir nóttina og rétt að þar næsta dag. Ég var í leitarmannatölu og átti frí um nóttina. Þar í Árnakrók var safnið að nokkru leyti í sjálfheldu, en vissir menn, sem til þess voru valdir, "stöðu á mosunum". Tjöld voru víða í kring, bæði "Moskóvíta" og annarra sveitamanna, er sendir voru í réttirnar. Einnig voru Reykvíkingar þar, karlar og konur, og fjölmenni talsvert. Veðrið var ekki notalegt fyrir útiskemmtun, það var skúraveður. Reykvíkingar höfðu fengið lánaða hesta víðs vegar, og var mesti örmull af reiðhestum vaktaður og reiðverum hrúgað saman, en góðglaðir bændur og búalýður gisti tjöld sín og gekk milli þeirra. Á sléttum flötum hófst dans og harmóníkuspil. En í úthverfum sungu menn í smáhópum og söfnuðust þar að þeir, er hlusta vildu. Ekki hafði ég kynnt dansi fyrr, og dró hann mig inn í mannþröngina. Á vellinum var skreipt, og dró það sýnilega ekki úr fjörinu. Þar var líka nokkur vínþefur og háreysti við og við. Einhverjar óþekktar stúlkur tóku mig undir arminn og leituðust við að koma mér á rétt spor. Eflaust voru þær sælar þess að losna við mig aftur. Og undir morgun var mesta fjörið runnið út, dansflöturinn líkastur traðargólfi og fólkið vott og forugt. Lýstu þá ýmsir eftir hnífum, slæðum, og svuntum, sem tapazt hafði. Og í albjörtu komu smalarnir með fjárbreiðuna og ráku í réttina. Var unaðslegt að líta lagðhvítan, lifandi og kvikan sauðfjárhópin, sem liðaðist eftir Árnakrók, eins og fljótastraumur. Í tjöldum Mosfellinga var þá nótt spjallað, veitt kaffi, út í það og jafnað um ágreiningsefni. Þessi réttadagur og þó helzt nótt var hin minnisstæðasta. Árnakróksfréttir var mikið hnossgæti í dægurtali því hinu hversdagslega...


Hvergi í Mosfellsdal hafði ég meira gaman af að koma en að Hrísrú. Hjónin þar hétu Ólafur og Finnbjörg, kona rosín. Fyrst í stað voru þau nokkuð gróf og

forneskjuleg, en glöð og gestrisin, þegar marka mátti. Það var ánægjulegt að bíða þar, meðan Finnbjörg hitaði ketilinn, og hlusta á Ólaf gamla. Var þá jafnan tilfyndnast það sem húsmóðirin lagði til málanna. Ekki var orðræðan hefluð né blíð, heldur oft stóryrt og krydduð velvöldum fornyrðum, stundum klúr. Börn þeirra voru uppkomin og öll dugnaðarfólk, sonur þeirra yngsti eitthvað á aldur við mig. Andrés hét hann og bjó síðar myndarbúi á Hrísrú. Svo var Ólafur á Hrísrú forn í skapi, að hann amaðist við öllu því nýja, er kom frá Reykjavík. Sízt þótti það til þjóðþrifa. Lítið man ég til þess að styðja þetta álit mitt. Þó var svo eitt sinn, er ég kom frá Reykjavík og reið um hlaðið á Hrísrú, að ég, sem sjálfsagt þótti vera, beið þar eftir kaffi. En ég hafði keypt í Reykjavík nýjan hatt, barðamikinn og kolllágan, þess háttar hattar voru þá í miklu álitu sem betri manna og motsara höfuðföt. Og ég var víst heldur hnarreistur með nýja hattinn. "Þú ert montinn með þennan fjandans motsarakúf," sagði Ólafur, og allir skoðuðu hattinn. Okkur Finnbjörgu þótti hann fara betur heldur en hattbólur, sem settu strýtu á hauskúpuna. "Ekki eru þessir barðinflettar gerðir handa vinnulýð og of dýrir sveitafólki. Þeir eru mátulegir á tollheimtumenn, blóðsugur og svallara, þá sem ekki neyta brauðs í sveita síns andlitis." Þannig fórust gamla mannum orð, en hans sparihattur var 25 ára, upplitaður og uppmjór með litlum börðum og breiðum böndum. Gerðum við gaman að því að bera hattana saman.

"Þegar þinn fýkur í fyrsta sinn, fer hann til fjárans og kemur ekki aftur, minn hefur alltaf skilað sér, þó fokið hafi," sagði Ólafur og hló að. Þannig urðu smámunir að hinu skemmtilegasta umtalsefni á þessum bæ.



BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS



Félagslög Vínhóls, samtaka íbúa í Mosfellsdal.

Lögin voru samþykkt á aðalfundi félagsins 14. nóv. 1987 og var breyting við 5. grein samþykkt á aðalfundi 1989 og breyting á 4. grein á aðalfundi 1995.

1. grein.

Félagið heitir Vínhóll-samtök íbúa í Mosfellsdal.

2. grein.

Hlutverk félagsins er:

- a) að auka félagsleg samskipti Dalbúa svo og þeirra sem brottfluttir eru.
- b) að standa vörð um sameiginleg hagmunamál Dalbúa.
- c) að stuðla að varðveislu menningarverðmæta í Mosfellsdal.
- d) að vinna að umhverfisfegrun í Dalnum.

3. grein.

Allir sem lögheimili eiga í Mosfellsdal verða sjálfkrafa félagar í Vínhól.

Aðrir sem óska eftir aðild verða fá samþykki allra stjórnarmanna.

4. grein.

Aðalfundur skal haldinn í nóvember ár hvert og til hans boðað með a.m.k. fimm daga fyrirvara. Kosningarrétt á aðalfundi hafa þeir félagsmenn sem náð hafa tólf ára aldri.

5. grein.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og skulu a.m.k. tveir þeirra vera búsettir í Mosfellsdal. Stjórnarmenn skulu skipta með sér verkum.

6. grein.

Dagskrá aðalfundarins skal vera þannig:

- a) ársskýrsla fráfarandi stjórnar.
- b) reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- c) kosning stjórnar.
- d) kosning endurskoðanda.
- e) kosning í fastanefndir.
- f) lagabreytingar.
- g) önnur mál.



MOSFELLS APÓTEK



Urðernis 2 Sími 566 8148



Þorrablót Dalbúa



Verður haldið laugardaginn 3. febrúar
Kiwanisheimilinu v/Leirvogstungu

Nú verður endurtekin gamla góða
Sveitastemningin

Húsið opnar kl. 20⁰⁰ með léttri sveiflu

♫ Braks og Bresta ♫

Blótið hefst síðan stundvíslega kl. 20³⁰

Siggi og Jonni sjá um fjörið fram eftir nóttu

Verð aðeins 2.200,- Ath. takmarkaður miðafjöldi.

Miðasala hjá Auði í s: 5666587 og Höllu s: 5666458,

Pórði s: 5666527 og Snorra s: 5872060

Ath. síðasti söludagur er fimmtud. 1. febrúar

Dalbúar sér mæla mót,
bæði gömlu og ungu.
Nú skal haldið þorrablót
niðrí Leirvogstungu.

S.G.

Dalvísur

Nú skal haldið mikið grín
og koma skal fram hefndum.
Auður hún er svaka fín
í öllum dalanefndum.

Í Túnfæti hún Diddú er
og þekkja hana flestir,
en á jeppa Keli fer
svo heyrast brak og brestir.

Í fjósinu á Hrífsbrú er
býsna harður skóli.
Þar hann Andrés unír sér
alveg eins og Óli.

Í dráttarvélum er hann klár
og dundar lon og don,
hann er ei í lofti hár
Siggi Ferguson.

Upp í dal er leiðin bein
hjá öllum pizza-piltum.
Þeir fara ei meir í Gljúfrastein
þeir rata eftir skiltum.

Í dalnum býr mjög skrítið fólk
og elskar ævintýri,
hann drekkur ekki bara mjólk
hann Gísli í Hveramýri.

Þessar vísur og margar fleiri eftir ónefnt skáld úr
Mosfellsdal verða fluttar á þorrablótinu í Leirvogstungu.

Missið ekki af stórskemmtilegum kveðskap !